



Lagt fyrir 381. fund velferðarráðs 19. ágúst 2020
VEL2020080006
RÁ/sea/bm

Minnisblað

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðstjóri velferðarsviðs

Efni: Ósk um heimild til frekari viðræðna við heilbrigðis- og félagsmálaráðuneytið um rekstur hjúkrunarrýma fyrir heimilislaust fólk með hjúkrunarþarfir samhliða miklum og sértækum stuðningsþörfum

Forsaga:

Í frumkvæðisathugun umboðsmanns Alþingis frá 6. júlí 2018 var bent á mikilvægi þess að heilbrigðis- og félagsmálaráðuneytin, í samstarfi við sveitarfélögin tækju sérstaklega til athugunar þjónustu við utangarðsfólk, hér eftir nefnd heimilislausir með fjölþættan vanda.

Á fundi borgarráðs 31. júlí 2018 var samþykkt að hefja formlegt samstarf milli ríkis og Reykjavíkurborgar vegna stöðu heimilislausra með fjölþættan vanda. Lögð var áhersla á að ríkið og sveitarfélagið mynduðu samráð um hvernig tryggja mætti lágmarksréttindi og virk úrræði í þágu þeirra sem tilheyra þessum hópi.

Í nóvember sama ár var skipaður stýrihópur með fulltrúum ráðuneytanna og sveitarfélaga til að skoða þær ábendingar sem komnar voru fram varðandi þjónustu við heimilislausa með fjölþættan vanda. Meginniðurstöður stýrihópsins voru að leggja þyrfti áherslu á „húsnæði fyrst“ hugmyndafræðina (e. Housing First) og nýja nálgun þjónustunnar fyrir markhópin með tilliti til félagþjónustu og heilbrigðisþjónustu. Einnig var lagt til að opnað yrði sérhæft hjúkrunarúrræði með samþættri heilbrigðis- og félagþjónustu fyrir fólk með hjúkrunarþarfir og tvígreiningar og/eða fjölþættan vanda.

Í framhaldi af vinnu fyrrgreinds stýrihóps hófust í mars 2020 viðræður milli fulltrúa frá heilbrigðis- og félagsmálaráðuneytinu og fulltrúa velferðarsviðs um sérstök hjúkurnarrými fyrir heimilislausa með fjölþættan vanda. Um er að ræða hóp einstaklinga sem hafa glímt við mikinn og langvarandi neysluvanda, gjarnan samhliða geðrænum veikindum og hafa nýtt sér þjónustu gistiskýlisins við Lindargötu um lengri eða skemmri tíma eða önnur úrræði velferðarsviðs. Eftir þarfagreiningu sem af hendi velferðarsviðs var meðal annars unnin af skrifstofustjóra öldrunar og húsnæðismála og

framkvæmdastjóra þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða voru aðilar sammála um að lagt yrði upp með að fá starfandi hjúkrunarheimili til að taka að sér rekstur slíkrar hjúkrunardeildar. Eftir þreifingar af hendi heilbrigðisráðuneytisins varð ljóst að áhugi hjúkrunarheimila á höfuðborgarsvæðinu á slíkum rekstri var enginn. Því var óskað eftir að velferðarsvið myndi kanna með húsnaði sem gæti hýst slíka hjúkrunardeild og með hvaða hætti rekstur slíkar deildar gæti verið.

Greinargerð:


Reynslan hér á landi sem og erlendis sýnir að hefðbundin hjúkrunarrými henta ekki þeim einstaklingum sem búa við heimilisleysi og langtímaneyslu og því er mikil þörf á að setja upp sérhæfð hjúkrunar- og búsetuúrræði. Þar væri til staðar samþætt heilbrigðis- og félagsþjónusta fyrir fyrrgreindan markhóp.

Það er mat velferðarsviðs að 17 einstaklingar hafi þörf á sérstækum hjúkrunarrýmum þegar það hefur verið yfirfarið út frá þjónustupörf hópsins. Hluti hópsins er með gildandi færni og heilsumat en aðrir ekki. Það hefur sýnt sig að hefðbundið færni og heilsumat hefur ekki náð að fanga þjónustupörf þessa einstaklinga þar sem matið gerir m.a. kröfur um að viðkomandi sé ekki í viðvarandi neyslu. Ráðgjafar hafa ítrekað sótt um færni og heilsumat fyrir einstaklinga sem komnir eru með miklar hjúkrunarþarfir en umsóknum verið synjað þar sem einstaklingar eru í neyslu og samkvæmt mati „ekki búið að fullreyna endurhæfingu“. Einnig hefur fjöldi umsókna fallið úr gildi þar sem ekki hefur náðst að finna hjúkrunarrými fyrir viðkomandi en hjúkrunarheimili hafa mikið um það að segja hvaða einstaklinga þau taka inn.

Velferðarsvið hefur síðustu ár unnið að breytingum á þjónustu við heimilislausa þar sem lögð hefur verið áhersla á að fjölga þeim sem fá úthlutað „housing first“ íbúðum og á móti fækka þeim sem þurfa að nýta sér gistiskýli.

Á tímabilinu janúar 2018 til júlí 2020 hefur alls 16 einstaklingum í miklum vímuefnavanda verið úthlutað slíkum íbúðum. Einnig hefur skipulögð þverfagleg þjónusta félagsráðgjafa, hjúkrunarfræðinga og annarra ráðgjafa í VOR teyminu verið efld. Árangur af bættri ráðgjöf og „housing first“ hefur skilað því að langtíma notendum gistiskýla hefur fækkað en eftir stendur hópur þeirra sem komnir eru með miklar hjúkrunarþarfir og dvelja nær allar nætur í gistiskýli. Í dag eru þetta um 12 einstaklingar. Velferðarsvið hefur ítrekað bent á mikilvægi úrræðis fyrir þennan hóp í þeim vinnu- og stýrihópum sem sviðið hefur átt fulltrúa í sem varða þennan málaflokk.

Vandinn við þjónustu fyrir heimililausa með fjölþættan vanda, felst í því að hópurinn á við margþættan vanda að stríða, áfengisneyslu og notkun vímuefna, geðræn einkenni, áföll og þroskafrávik. Bæði á Íslandi og hjá nágrannasamfélögum hafa þróast sérstök þjónustukerfi fyrir hvern þessara þátta; meðferð vegna áfengis- og vímuefnaneyslu, geðheilbrigðisþjónusta, almenn heilbrigðisþjónusta, fötlunarþjónusta o.s.frv. Heimilislausir einstaklingar sem glíma við fleiri en einn þessara þátta passa ekki inn í neitt þessara kerfa og lenda oftar en ekki á milli þeirra. Meðfylgjandi mynd sýnir ólíkar leiðir um hvert beri að vísa fólki eftir umfangi notkunar vímuefna og geðrænna einkenna:



Tillaga að aðgerðum/úrræðum

Að mati velferðarsviðs gæti núverandi húsnaði sem hýsir Gistiskýlið að Lindargötu 48, hentað mjög vel til reksturs hjúkrunarrrýma ef því yrði breytt úr neyðarskýli í hjúkrunarrrými fyrir heimilislaust fólk með miklar og flóknar stuðnings- og hjúkrunarþarfir. Þar væri hægt að starfrækja 12 hjúkrunarrrými. Aðgengi fyrir aldraða er nokkuð gott á Lindargötunni þar sem allar hurðir eru aðgengilegar fyrir hjólastóla og hjúkrunarúm og lyfta er á milli hæða. Leggja þyrfti í óverulegan kostnað vegna hjálpartækja á salerni og baði.

Frá því að neyðarskýlið á Granda var opnað, fyrir yngri karlmenn með vímuefnavanda, hefur komum á Lindargötu fækkað og er sá hópur sem nú sækir neyðarskýlið reglulega hópurinn sem er í mestri hjúkrunarþörf í dag.

Kostnaður vegna heilbrigðisþjónustu fyrir 12 hjúkrunarrrými er áætlaður **93,5 m.kr.** en við gerð kostnaðarmats var miðað við mönnun og kostnað við rekstur almennrar hjúkrunardeildar á Droplaugastöðum. Gert er ráð fyrir einu stöðugildi hjúkrunarstjóra, 4,9 stöðugildi hjúkrunarfræðings og 3,1 stöðugildis sjúkraliða (sjá töflu hér að neðan).

Kostnaður vegna mönnunar vegna félagslegs stuðnings er áætlaður **54 m.kr.**, en gert er ráð fyrir einu stöðugildi háskólamenntaðs starfsmanns og 3,1 stöðugildi félagsliða.

Kostnaður vegna reksturs er áætlaður **36 m.kr.** þar af er leiga 16 m.kr. og 19,6 m.kr. vegna annars kostnaðar, m.a. lyfja, búnaðar, matar ofl.

Heildarrekstrakostnaður er áætlaður **184 m.kr.**, á ársgrundvelli, **94 m.kr** vegna heilbrigðisþjónustu, **54 m.kr** vegna félagslegs stuðnings og **36 m.kr.** vegna leigu og rekstrarkostnaðar.

Starfsheiti	Stöðugildi	Launakostnaður	Annar kostnaður	Samt. kostnaður
Hjúkrunarstjóri	1,0	14 m.kr		14 m.kr
Hjúkrunarfræðingur	1,1	18 m.kr		18 m.kr
Hjúkrunarfræðingur	3,8	13 m.kr		13 m.kr
Sjúkraliði	3,1	49 m.kr		49 m.kr
Fagm. starfsmaður	1,1	11 m.kr		11 m.kr
Félagsliði	3,1	43 m.kr		43 m.kr
Leiga og annar kostn.			36 m.kr	36 m.kr
	13,07 stg.	148 m.kr	36 m.kr	184 m.kr

Til viðmiðunar eru hér tekin tvö dæmi um núverandi kostnað vegna tveggja einstaklinga sem eru í þjónustu hjá Reykjavíkurborg sem eru með samþykkt færni og heilsumat en fá ekki inn á hjúkrunarheimili vegna veikinda sinna þar sem þeir passa ekki inn í þjónustuhópinn. Hér eru eingöngu settar fram upphæðir sem hægt er að staðfesta.

Dæmi um kostnað á ársgrundvelli vegna einstaklings A:

Einstaklingur A býr í sértæku húsnæði fyrir heimilislaust fólk sem úthlutað er í af úthlutunarteymi velferðarsviðs. Kostnaður vegna húsnæðis kr. 822.000 og starfsmannakostnaður í búsetu 3,9 m.kr. Kostnaður vegna heimaþjónustu kr. 702.000 og heimahjúkrunar kr. 571.000. Kostnaður vegna aðkomu almennra starfsmanna Vor-teymis kr. 170.000 og hjúkrunarfræðnings Vor-teymisins 7 m.kr.

Kostnaður vegna sjúkrabíla kr. 304.000 (8 sinnum á ári). Innlögn á bráðdeild 1,1 m.kr. (kr.140.000 á sólarhring alls 8 sinnum). Töluvert hefur verið um aðrar innlagnir en upplýsingar um deildir og tímalengd innlagna fengust ekki uppgæfnar auk þess vantar annan heilbrigðiskostnað s.s hjá heilsugæslu og lyf.

Heildarkostnaður fyrir Reykjavíkurborg er **13 m.kr.**

Heildarkostnaður fyrir ríkið sem staðfestar upplýsingar liggja fyrir um er því **1,4 m.kr.**

Kostnaður alls er því að lágmarki 14,5 m.kr. á ári.

Texti	skýring	Fjöldi	Einingarverð	Upphæð
Laun			328	3.931
Húsnæði/ rekstur			69	822
Heimþjónusta tímar		16	59	702
Heimahjúkrun	hjúkrunarfræðingar	8,4	48	571
Vorteymi	hjúkrunarfræðingar	2	573	6.881
Vorteymi Umsjón : laun		1		171
Samtals Reykjavíkurborg				13.079
Bráðainnlögn á spítala		8	140	1.120
Sjúkrabílar		8	38	304
Samtals Ríkið				1.424
Samtala				14.503

Dæmi um kostnað á ársgrundvelli vegna einstaklings B:

Einstaklingur B er heimilislaus og gistir í neyðarskýli Reykjavíkurborgar 272 nætur á ári og þær nætur sem hann er ekki í skýlinu er hann innlagður á LSH, eða 96 sólarhringa. Kostnaður vegna húsnæðis og launakostnaður starfsmanna er 9 m.kr. Kostnaður vegna aðkomu Vor-teymis kr. 171.000. Kostnaður vegna sjúkrabíla kr. 684.000 (18 ferðir á ári). Innlögn á bráðdeild 2,5 m.kr. (kr 140.000* á sólarhring alls 18 komur). Ekki liggur fyrir annar heilbrigðiskostnaður eins og sjúkrahúsinnlagnir, lyf og heilsugæsla.

Heildarkostnaður fyrir Reykjavíkurborg er 12 m.kr.

Heildarkostnaður fyrir ríkið sem staðfestar upplýsingar liggja fyrir er 3 m.kr.

Kostnaður alls er því að lágmarki 15 m.kr. á ári.

Texti	skýring	Fjöldi	Einingarverð	Upphæð
Laun			649	7.787
Húsnæði/ rekstur			92	1.102
Gistiskýli		137	18	2.491
Vorteymi Umsjón : laun		1		171
Samtals Reykjavíkurborg				11.552
Bráðainnlögn á spítala		18	140	2.520
Sjúkrabílar		18	38	684
Samtals Ríkið				3.204
Samtala				14.756

Niðurstaða:

Viðræður hafa verið milli velferðarsviðs og heilbrigðis- og félagsmálaráðuneyta frá því í mars 2020 þar sem velt hefur verið upp öllum leiðum til að koma á fót sértæku hjúkrunarheimili fyrir heimilislaust fólk með fjölþættan vanda.

Lagt er til að velferðarsvið taki að sér til reynslu rekstur sérhæfðs hjúkrunarheimilis fyrir fólk með miklar og flóknar stuðningsþarfir, í ljósi þess að hvorki almenn

hjúkrunarheimili ná ekki að þjónusta þessa einstaklinga né hefur tekist að semja sérstaklega við hjúkrunarheimili að taka að sér rekstur sérdeildar fyrir þennan hóp.

Gerður verði þjónustusamningur við Sjúkratryggingar Íslands um rekstur 12 hjúkrunarrýma til tveggja ára með endurskoðunarmöguleika. Áætlaður heildarkostnaður fyrir 12 rými er **183 m.kr.** og þar af greiðir ríkið **129,5 m.kr.** fyrir heilbrigðisþjónustu, leigu og rekstrarkosnaði. Greiðslur Reykjavíkurborgar væri **54 m.kr.** vegna mönnunar félagslegs stuðnings.

Hægt verði að taka á móti einstaklingum sem eiga lögheimili utan Reykjavíkur með því skilyrði að lögheimilissveitarfélag geri samning við Reykjavíkurborg um greiðslur vegna sérstakrar þjónustu til þessa hóps (hlutfall af kostnaði Reykjavíkurborgar vegna félagslegs stuðnings).

Með þessu minnisblaði er verið að óska eftir heimild til að ganga til samningaviðræðna við ríkið um rekstur hjúkrunarrýma fyrir heimilislausa með fjölþættan vanda á þeim forsendum sem hafa verið raktar.